

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík 11. desember 2015
UST201510-141/K.S.J.
10.04.03

**Efni: Deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi frístundalóðar í landi Tjarnarvíkur við
Þingvallavatn, Grímsnes og Grafningshreppi.**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 16. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi frístundalóðar í landi Tjarnarvíkur við sunnanvert Þingvallavatn.

Náttúruminjar

Ofangreind frístundalóð er staðsett við sunnanverða Hagavik sem er við Þingvallavatn. Þingvallavatn er verndað skv. lögum um verndun Þingvallavatns og vatnsviðs þess nr. 85/2005, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Þingvallavatns og lífríkis þess. Umhverfisstofnun tekur undir að byggingarreitur ofangreindrar lóðar er áætlaður 100 m frá vatnsbakkanum.

Í greinargerð kemur fram að ofangreind lóð er áætluð á grónu grófu hrauni. Skv. 57. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd nýtur eldhraun sérstakrar verndar og skal forðast að raska slíkum jarðminjum nema brýna nauðsyn beri til. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að taka tillit til hraunmyndana þegar staður fyrir grunn frístundahúss er valinn innan byggingarreits.

Fráveita

Umhverfisstofnun tekur undir áætlanir um fráveitu.

Virðingarfyllst

Kristín S. Jónsdóttir
Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur

Björn Stefánsson
Björn Stefánsson
Sérfræðingur